

DEILISKIPULAG

Deiliskipulag skal gert á grundvelli aðalskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

	TÍMI	ÚRVINNSLA
ÁKVÖRÐUN UM GERÐ DEILISKIPULAGS		<ul style="list-style-type: none">Sveitarstjórn samþykkir að unnin skuli deiliskipulagstillaga og tekur afstöðu til hvort vinna þurfi lýsingu fyrir skipulagsgerðina. Sjá nánar um skipulagsgerð á vegum framkvæmdaraðila í skipulagsreglugerð.
LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNINU		<ul style="list-style-type: none">Unnið að lýsingu¹ á skipulagsverkefninu á vegum sveitarstjórnar, þ.m.t. umfangi og áherslum í umhverfismati, þegar það á við.Sveitarstjórn leitar umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila um lýsinguna og kynnir hana fyrir almenningi.
Við erum hér		
KYNNING Á SKIPULAGSTILLÖGU		<ul style="list-style-type: none">Skipulagsnefnd kynnir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á fundi eða með öðrum fullnægjandi hætti. Heimilt er að falla frá slíkri kynningu ef ekki er þörf á lýsingu.
AFGREIÐSLA SKIPULAGSTILLÖGU TIL AUGLÝSINGAR		<ul style="list-style-type: none">Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa skipulagstillögu og umhverfisskýrslu².
AUGLÝSING SKIPULAGSTILLÖGU	6 VIKUR	<ul style="list-style-type: none">Sveitarstjórn auglýsir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu² í Lögbirtingablaði og dagblaði sem er gefið út á landsvísu.Auglýsingartími er að lágmarki 6 vikur. Skipulagsgögn skulu liggja frammi hjá hlutaðeigandi sveitarfélagi auk þess að vera aðgengileg á netinu.Sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og öðrum umsagnaraðilum skipulagstillögu og umhverfisskýrslu og gefur þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum².Hver sá sem telur sig eiga hagsmuna að gæta getur gert athugasemdir og skal tilgreint í auglýsingu innan hvaða tímamarka og hvert skal senda athugasemdir.
AFGREIÐSLA SKIPULAGSTILLÖGU		<ul style="list-style-type: none">Skipulagsnefnd fjallar um framkomnar athugasemdir og gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu.Sveitarstjórn fjallar um málið og tekur afstöðu til afgreiðslu skipulagsnefndar og hvort gera þurfi breytingar á skipulagstillögu.Eftir endanlega afgreiðslu þarf að liggja fyrir greinargerð með rökstuðningi með endanlegri afgreiðslu, þ.e. hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í deiliskipulagið, hvernig brugðist var við athugasemdum ásamt vöktunaráætlun².Sveitarstjórn sendir þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær.Hafi borist athugasemdir er niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana aftur til umræðu í sveitarstjórn nema þegar áætlun er háð lögum um umhverfismat áætlana.Sveitarstjórn sendir samþykkt deiliskipulag til Skipulagsstofnunar innan 6 mánaða frá því frestur til að skila athugasemdum rann út.
AFGREIÐSLA SKIPULAGSSTOFNUNAR	6 MÁN.	<ul style="list-style-type: none">Skipulagsstofnun metur hvort tilefni er til að yfirfara deiliskipulagið m.t.t. þess hvort gallar eru á efnis- og málsmeðferð.Skipulagsstofnun kemur athugasemdum á framfæri við sveitarfélagið innan 3 vikna frá því að skipulagsgögn bárust.
GILDISTAKA DEILISKIPULAGS	3 VIKUR	<ul style="list-style-type: none">Hafi Skipulagsstofnun gert athugasemdir skal sveitarstjórn fjalla um þær og gera nauðsynlegar breytingar. Fallist sveitarstjórn ekki á athugasemdir stofnunarinnar um efni deiliskipulags skal hún gera rökstudda grein fyrir ástæðum þess.Sveitarstjórn birtir auglýsingu um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Hafi auglýsing í B-deild ekki verið birt innan 1 árs frá lokum athugasemdafrestar tillögunnar telst deiliskipulagið ógilt og fer þá um málsmeðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga.
	12 MÁN.	

¹ Liggja meginmarkmið fyrir deiliskipulagsgerð í aðalskipulagi er heimilt að falla frá lýsingu.

² Á við ef deiliskipulagið er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.